



**Stefna um notkun gervigreindar
við Háskólann á Bifröst**



**HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST**

Stefna um notkun gervigreindar við Háskólann á Bifröst

Tilgangur þessarar stefnu er að skilgreina viðeigandi notkun á máltækni gervigreindarforritum, líkt og ChatGPT, og öðrum sambærilegum forritum innan Háskólans á Bifröst. Stefnan miðar að því að tryggja að ábyrgð og gott siðferði sé haft að leiðarljósi í allri notkun hvort heldur er í kennslu, rannsóknum eða stjórnun og koma í veg fyrir mögulega misnotkun.

Stefnan tekur til allra innan skólans, nemenda, starfsfólks, kennara og annarra aðila sem koma að starfi skólans til lengri eða skemmri tíma.

Dæmi um leyfilega notkun

1. Heimilt er að nota ChatGPT og sambærileg tól til að styðja við kennslu, nám og rannsóknir innan skólans, þar á meðal:
 - a) Aðstoð við undirbúning fyrir verkefni og kynningar
 - b) Undirbúning fyrir próf
 - c) Aðstoð við undirbúning fyrir rannsóknir og greinar
 - d) Samstarf milli kennara og nemenda
 - e) Þýðingar og prófarkalestur
2. Við stjórnun og samskipti er meðal annars heimilt að:
 - a) gera drög að tölvupóstum
 - b) gera drög að skýrslum
 - c) nýta það við skipulagningu viðburða
 - d) nýta það til samskipta og samstarfs milli deilda

Óheimil notkun

1. Óheimilt er með öllu að nota ChatGPT og önnur sambærileg tól á eftirfarandi hátt
 - a) Við ritun á ritgerðum, verkefnum, prófum og öðrum fræðilegum verkum-*nema það sé sérstaklega tekið fram sem leyfilegt af kennara í ákveðnum atvikum*
 - b) Brot á siðareglum HB líkt og öflun eða dreifing villandi eða ærumeiðandi upplýsinga
 - c) Áreitni, einelti eða mismunun til dæmis vegna kyns, fötlunar, aldurs, trúar, skoðana, þjóðernis, kynþáttar eða kynhneigðar

Persónuvernd

Notendur verða að fylgja eftir lögum um persónuvernd. Háskólinn á Bifröst er skylt að tryggja öryggi og trúnað við meðferð og vinnslu á persónuupplýsingum,

sem unnið er með innan Háskólans og leitast þar með við að uppfylla lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og reglur [Reglugerðar Evrópubingsins og Ráðsins \(ESB\) 2016/679](#) frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga eins og hún hefur verið innleidd í íslenskan rétt.

Gervigreindarforrit vista allar upplýsingar, fyrirspurnir og gögn sem keyrt er í gegnum þau og þurfa allir notendur að gæta þess að deila ekki persónulegum og öðrum viðkvæmum upplýsingum þegar verið er að prófarkalesa gögn eða spyrja spurninga.

Misnotkun gervigreindar

Ef kennari hefur tilgreint að engin utanaðkomandi aðstoð sé leyfð við verkefni, lítur háskólinn á notkun ChatGPT og annarra slíkra forrita sem óheimila aðstoð. Hana skal þá meðhöndla á hliðstæðan hátt og aðstoð frá öðrum einstaklingi.

Mjög erfitt er að sanna notkun á gervigreind í texta. Það er því áskorun að staðfesta brot á reglum um próftöku og í verkefnum þar sem notkun gervigreinar er ekki leyfð. Samkvæmt reglugerð Háskólans á Bifröst 29. gr. ber nemendum í hvívetna að fara að fyrirmælum og reglum um notkun heimilda í ritgerðum og verkefnum. Sé það ekki gert getur nemandi fengið einkunnina 0 fyrir verkefni, ritgerð eða námskeið. Brjóti nemandi reglur um próftöku eða hafi rangt við skal hann hljóta einkunn 0. Brot geta valdið áminningu eða brottrekstri úr skóla, sbr. 34. gr. reglugerðar þessarar.

Siðareglur Háskólans á Bifröst kveða á um að kennarar, rannsakendur og nemendur eru gagnrýnir á sjálfa sig og vanda störf sín. Þeir falsa ekki eða afbaka upplýsingar, gögn eða niðurstöður rannsókna og forðast hvers kyns mistök og villur. Verði þeim slíkt á viðurkenna þeir mistökin og gera það sem þeir geta til að bæta fyrir þau.

Hugverkaréttur og heimildaskráning

Það er ekki hægt að vitna í gervigreind sem frumheimild, gervigreind er hugbúnaður. Ætíð skal virða hugverkaréttindi annarra og skal reglum um skráningu heimilda fylgt eftir í hvívetna. Vísa þarf til heimilda skv. alþjóðlegum tilvitnunarreglum hvernar fræðigreinar í samræmi við viðurkennda staðla háskólans. Við heimildaskráningu er vísað til APA 7. útgáfu (Viðskiptadeild og Félagsvísindadeild) eða OSCALA (Lagadeild) staðalinn í tilvitnunum og heimildaskrá.

Þjálfun og notkun

Háskólinn mun veita þjálfun og úrræði til að fræða notendur um getu, takmarkanir og siðferðileg áhrif þess að nota ChatGPT. Þess er vænst að notendur kynni sér þessa stefnu og taki þátt í viðeigandi þjálfun eftir þörfum.

Effirlit og fylgni

Háskólinn áskilur sér rétt til að fylgjast með notkun ChatGPT til að fylgja þessari stefnu. Brot geta leitt til viðurlaga í samræmi við reglugerð nr 29. og 34. við Háskólann á Bifröst

Stefna þessi verður endurskoðuð með reglubundnum hætti en eigi sjaldnar en á ársfresti.

Yfirlit á fundi í Háskólaráði 30. október 2023

Gildir frá 1. nóvember 2023

Staðfest af rektor 1. nóvember 2023

Margrét Jónsdóttir Njardvile